



ÍBV og FHL eru Lengjudeildarmeistarar 2024!

## Lengjudeildinni lokið 2024

### FHL og ÍBV Lengjudeildarmeistarar

Keppni er nú lokið í Lengjudeildum karla og kvenna og liggur því fyrir hvaða lið úr deildunum færast upp í Bestu deildirnar á næsta ári.

Lokaumferð Lengjudeildar kvenna fór fram þann 9.september en lið FHL (Fjarðabyggð/Höttur/Leiknir) náði toppsæti deildarinnar strax í 6.umferð og var búið að tryggja sér sæti í Bestu deild kvenna eftir 15.umferðir eða þegar þrjár umferðir voru eftir. Tveir markahæstu leikmenn deildarinnar, Emma Hawkins með 24 mörk og Samantha Rose Smith með 16 mörk léku báðar með FHL.

Fram varð í 2.sæti Lengjudeildarinnar eftir að hafa verið í þriðja neðsta sæti þegar 10.umferðum var lokið í mótinu. Liðið vann síðustu 6 leiki sína og tryggði sér þar með sæti í Bestu deildinni á markatölu en Grótta varð í 3.sæti með jafnmörg stig og Fram. Selfoss og ÍR féllu úr deildinni og leika því í 2.deild næsta keppnistímabil.

Keppni í Lengjudeild karla var æsispennandi í síðustu umferðunum og réðst ekki fyrr en í síðustu umferðinni hvaða lið fór beint um í Bestu deildina og hvaða 4 lið léku til úrslita um hitt lausa sætið. ÍBV sigraði deildina með 39 stig og er lið vel að því komið að leika meðal þeirra bestu að ári. Keflavík, Fjöltnir, Afturelding og ÍR léku svo til úrslita um lausa sætið í Bestu deildinni þar sem Keflavík og Afturelding höfðu betur í sínum viðureignum og léku til úrslita á Laugardalsvelli 28.september í leik sem sýndur var í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og Livey.

Afturelding vann úrslitaleikinn 1-0 og er liðið þar með komið í Bestu deildina að ári. Leikurinn var vel sóttur en 2.419 áhorfendur mættu á Laugardalsvöllinn, heldur færri en á úrslitaleikinn í fyrra þegar 2.919 áhorfendur mættu á völlinn.

Um sögulegan árangur er að ræða þar sem Afturelding er þar með í fyrsta skipti með karlalið í efstu deild.

Grótta og Dalvík/Reynir féllu úr Lengjudeildinni og leika því í 2.deild á næsta ári.

FHL er að fara að leika í efstu deild í fyrsta skipti á næsta ári og því um afar merkan árangur að ræða hjá liðinu en Austfjarðalið hefur ekki verið í efstu deild kvenna síðan Þróttur Nes lék í efstu deild árið 1993 en þá var t.d. ÍBA frá Akureyri í deildinni. Höttur hefur jafnframt verið í efstu deild kvenna en liðið lék þar árið 1992. Framstúlkur eru að leika í fyrsta skipti í efstu deild síðan 1988 og er því um sögulegan árangur að ræða hjá þeim jafnframt.

Til hamingju FHL, Fram, ÍBV og Afturelding!



BESTA  
DEILDIN  
2025

Framstúlkur og króksarinn Óskar Smári fagna sæti í Bestu deildinni



## Fjölgun áhorfenda á Lengjudeild karla – fækkun hjá stúlkunum

Veruleg fjölgun áhorfenda var á Lengjudeild karla í ár sé miðað við keppnistímabilið 2023. Á hefðbundna deildarkeppni, þ.e. fyrir úrslitakeppnina, mættu 38.639 áhorfendur á leikina 132 í deildinni en í fyrra voru áhorfendur 34.050 sem þýðir að nú voru að meðaltali 293 áhorfendur á hverjum leik en voru 258 í fyrrasumar, aukningin er því ríflega 13%.

Flestir áhorfendur voru að jafnaði á leiki Fjölnis eða 367 en skammt frá eru Þór með 358, Keflavík með 340 og Afturelding með 339. Best sótti leikur deildarinnar í ár var leikur Njarðvíkur og Keflavíkur en 1.150 áhorfendur sáu þann leik, því næst leikur ÍBV og Njarðvíkur á Þjóðhátíð með 1.136 áhorfendur og svo leikur Keflavíkur og Njarðvíkur þar sem voru 1.100 áhorfendur. Njarðvík er því þátttakandi í öllum þremur áhorfendamestu leikjum sumarsins í Lengjudeild karla.

Áhorfendafjöldinn í Lengjudeild karla féll ekki niður í júní og júlí líkt og í Bestu deildunum og Lengjudeild kvenna, almennt var aðsóknin svipuð eða meiri en árið 2023 á sama tíma einhverra hluta vegna.

Í tveimur síðustu umferðunum var gríðarleg aukning frá fyrra ári enda spenna mikil um sæti í úrslitakeppninni. Sé úrslitakeppnin tekin með þá voru 43.996 áhorfendur samtals í 137 leikjum eða 321 áhorfendur að meðaltali á leik sem er tæplega 11% aukning frá fyrra ári.

Í Lengjudeild kvenna fækkaði hins vegar áhorfendum töluvert frá árinu áður samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja en hafa verður í huga að upplýsingar um áhorfendafjölda úr deildinni berast illa og því miður hugsanlegt að upplýsingarnar séu ekki mjög áreiðanlegar.

Nokkur lið skila hins vegar upplýsingum reglulega og liggur fyrir að flestir áhorfendur voru á heimaleikjum Fram á Lambhagavellinum eða 212 áhorfendur að meðaltali.



Glæsileg aðstaða Fram laðaði að flesta áhorfendur í Lengjudeild kvenna

## Ísland notar fæsta leikmenn í Evrópu en marga innlenda leikmenn

Í skýrslu UEFA um deildirnar í Evrópu eru m.a. upplýsingar um hversu marga leikmenn lið í deildarkeppninni nota að meðaltali yfir tímabilið. Þessar upplýsingar segja í raun hve margir leikmenn fá tækifæri hjá hverju liði og hefur UEFA notað þetta sem viðmið á þann hátt að því fleiri leikmenn sem lið notar því meiri uppbygging á sér stað hjá félaginu.

Sé það viðmið notað gefur það ekki sérlega góðar vísbendingar um hvar Besta deild karla stendur varðandi uppbyggingu leikmanna í félögunum því að liðin í deildinni nota að jafnaði fæsta leikmenn allra liða í efstu deildum Evrópu. Hvert lið í deildinni notar að jafnaði 23,8 leikmenn á tímabilinu og hér eru bara taldir þeir leikmenn sem fá einhverjar mínútur í leikjunum, sem sagt ekki ónotaðir varamenn. Þær deildir sem koma næstar okkur eru Moldóva, Færeyjar, Finnland og Wales.

Þær deildir sem nota flesta leikmenn eru Króatía, Bosnía og Serbía sem nota að jafnaði 35-37 leikmenn yfir tímabilið. Stærstu deildirnar í Evrópu nota afar svipaðan fjölda leikmanna yfir tímabilið eða frá 28,2 (Þýskaland) til 30,8 (Ítalía), liðin á Englandi nota að jafnaði 29 leikmenn. Meðaltalið í öllum deildum Evrópu eru 30 leikmenn.

Það eru auðvitað ýmsar ástæður fyrir því að íslensku liðin nota svo fáa leikmenn í samanburði við lið í öðrum deildum. Augljóst er að tímabilið hér er eitt það stysta í Evrópu þó svo að það hafi verið að lengjast á undanförunum árum og þ.a.l. er minni þörf á stærri leikmannahópum. Í öðru lagi er leikmannamarkaður hér mun minni heldur en nánast alls staðar annars staðar auk þess sem fjöldi liða í deildarkeppni hér er ekki í nokkru samræmi við stærð markaðarins, 6 deildir sem eru skipulagðar með öllum þeim fjölda liða sem taka þátt er nánast óþekkt og hefur augljóslega mikil áhrif á leikmannamarkaðinn hér.

Annar samanburður sýnir hins vegar íslensku liðin í allt öðru ljósi en tekið er saman hlutfall leikinna mínútna leikmanna með annað ríkisfang en í viðkomandi landi. Lágt hlutfall „erlendra“ leikmanna er því til marks um góða uppbyggingu innlendra leikmanna, þ.e. því hærra hlutfall því minni uppbygging á framtíðarleikmönnum landsliða viðkomandi lands. Í þessum samanburði stendur Besta deildin gríðarlega vel að vígi en hlutfall leikinna mínútna erlendra leikmanna í deildinni er aðeins 16% í þessari samantekt og aðeins Úkraína og Montenegro eru með lægra hlutfall. Meðalhlutfall í 54 deildum Evrópu er 42% þar sem hæsta hlutfallið er í deildum Andorra (80%), Kýpur (76%) og Grikkland (70%). Af stóru deildunum er England með langhæsta hlutfallið eða 64%, og því næst Ítalía með 57% en Þýskaland er með 48% hlutfall og Spánn með 33%.

Þessir tveir mælikvarðar gefa því ekki sömu niðurstöðuna hvað Ísland varðar en almennt kemur deildin ágætlega út úr þessum samanburði og niðurstaðan er að BD er um „miðja deild“ hvað varðar uppbyggingu leikmanna miðað við þessa samantekt.


## Þjálfarar BD karla að jafnaði 2,2 ár í starfi

Margt fróðlegt er í skýrslu UEFA um deildirnar og er þar m.a. tekið fyrir hversu lengi þjálfarar hafa verið í starfi hjá einu og sama félaginu. Í mjög mörgum löndum eru þjálfarar í starfi í aðeins 1 ár eða skemur og „meðalstarfsævi“ þjálfara hjá sama félaginu er aðeins 1,3 ár.

Austurríki, Azerbaijan, England, Þýskaland, Ísland, N-Írland, Svíþjóð og Wales eru einu deildirnar þar sem starfstíminn er að jafnaði meira en tvö ár en þjálfarar á Íslandi eru að jafnaði 2,2 ár í starfi sem er með því hæsta í Evrópu. Lengsti starfstíminn er í N-Írlandi eða 3,6 ár en aðeins 3% þjálfara hafa verið í 5 ár eða lengur í sama starfinu. Þegar samantektin er gerð eru aðeins tvær deildir, Ísland og Belarús með innlenda þjálfara. Það breyttist svo þegar Túfa tók við Val.



Rúnar Kristinsson stóð vaktina sem þjálfari KR samfleytt frá 2017-2023 en þjálfar nú Fram



## Áhorf á BD karla – mánudagar bestir – sunnudagar góðir og slæmir

Tímasetning á leikjum í Bestu deild karla virðist skipta töluvert miklu máli varðandi fjölda áhorfenda á leikina. Á súluritinu hér að ofan má sjá hvernig fjöldi áhorfenda skiptist eftir tímasetningu en rétt er að hafa í huga að 3 leikir hafa verið teknir sérstaklega út úr þessari samantekt þar sem þeir leikir skekkja verulega mynd af því hvernig aðsóknin er.

Leikirnir sem teknir eru út úr þessari samantekt eru tveir leikir úr 14 umferð, annars vegar Valur – Stjarnan og hins vegar Breiðablik – Víkingur en þeir leikir voru leiknir í maí vegna þátttöku liðanna í Evrópukeppni en 14.umferðin að öðru leyti fram um miðjan júlí. Auk þess var leikur KR gegn Víkingi í 20.umferð jafnframt tekinn út úr samantektinni þar sem áhorfendafjöldi á þann leik sker sig verulega úr varðandi aðsókn á leiki á föstudagskvöldum að öllu jöfnu en vel yfir 2000 áhorfendur sóttu þann leik.

Það er ljóst samkvæmt þessari samantekt að flestir áhorfendur koma á leiki sem eru seinni part dags á sunnudögum og mánudögum eins og sjá má hér að ofan. Að meðaltali eru 934 áhorfendur á hvern leik sem er eftir kl 16:00 á sunnudögum og 876 áhorfendur á hvern leik sem leikinn er eftir kl 16:00 á mánudögum.

Sunnudagar fyrir kl 16:00 eru hins vegar afleitir hvað varðar aðsókn en aðeins 574 áhorfendur að meðaltali mættu á leiki sem voru á þessum tíma. Versti leiktíminn virðist vera á laugardögum fyrir kl 16:00 en 523 áhorfendur að meðaltali mættu á leiki á þeim tíma.

Flestir leikir eru settir á besta tímann miðað við þessa samantekt, en tæplega 50% leikja í deildinni eru annað hvort á sunnudögum eða mánudögum seinni part dags, eða 65 leikir af 132. Á versta tíma skv. samantektinni eru 29 leikir eða um 22% af leikjunum, þ.e. á laugardögum eða sunnudögum fyrir kl 16:00.

Sé keppnistímabilinu fyrir úrslitakeppni skipt upp í þrjú „áhorfstímabil“, þ.e. mars/apríl, júní/júlí og svo ágúst/september er niðurstaðan sú sama á öllum tímabilunum, þ.e. besta aðsóknin er seinni part dags á sunnudögum og mánudögum og versta aðsóknin er á fyrri part dags á laugardögum og sunnudögum.

Tímasetningar leikja snemma á laugardögum og sunnudögum hafa hingað til aðallega verið ákveðnar til þess að auðvelda ferðalög liðanna augljóslega þarf að taka þann þátt til umræðu innan félaganna og hugsanlega breyta þeim áherslum.

Um 2% fjölgun varð á áhorfendum á Bestu deild karla á milli árána 2023 og 2024 og er það nokkuð minni fjölgun en stefnt var að eftir frábæra aðsókn í upphafi tímabilsins.

Fjölgunin í hefðbundinni deildarkeppni fór úr 112.691 áhorfenda árið 2023 (854 að meðaltali á leik) í 114.935 áhorfendur á yfirstandandi tímabil (871 að meðaltali á leik) en eftir fyrstu 6 umferðir mótsins var fjölgunin um 20% á milli ára, fór úr 34.127 áhorfendum (948 að meðaltali á leik) í 40.637 núna (1.129 að meðaltali á leik).

Frá og með 15.umferð og til og með 19.umferð var umtalsverð fækkun áhorfenda miðað við sömu umferðir í fyrrasumar en í þessum umferðum árið 2023 mættu 27.978 áhorfendur ( 933 að meðaltali á leik) en í ár voru áhorfendurnir 21.275 eða 709 áhorfendur að meðaltali á leik.

Mest var fjölgunin á milli ára í 2.umferð og svo þeirri síðustu, vel yfir 1.600 fleiri áhorfendur í þeim umferðum nú heldur en í sömu umferðum á síðasta tímabili. Mest fækkun á milli ára er hins vegar í umferð 18 en í ár voru ríflega 2600 færri áhorfendur heldur en í fyrrasumar.

18. umferð nú fór fram dagana 11. og 12.ágúst en í fyrrasumar var sama umferð dagana 5.- 9.ágúst

Veður hefur augljóslega mikil áhrif í margskonar skilningi, bæði hefur það súldarveður sem verið hefur í allt sumar haft áhrif á það að landsmenn ferðast meira til útlanda auk þess sem ekki er kannski eins mikil stemming fyrir því að fara á völinn í endalaus haustveðri allt sumarið. Tímasetningin á leikjunum hefur vissulega áhrif líka eins og fram kemur hér að ofan.

Allt eru þetta upplýsingar sem nýtast til þess að kortleggja betur áhuga á deildunum til lengri tíma og leita leiða til þess að auka þann áhuga.



Stappað í stúkunnari á leik Breiðabliks gegn Víkingi 30.maí – 2.215 áhorfendur





## Hækkun greiðslna frá UEFA til þróunar á afreksstarfi félaganna

Framkvæmdastjórn UEFA samþykkti á fundi sínum þann 24. september að hækka verulega greiðslur til þeirra félagsliða karla sem ekki taka þátt í riðlakeppnum Evrópukeppnanna, svokallaðar „samstöðugreiðslur“ eða solidarity payments, sem ætlaðar eru til þróunar í afreksstarfi félaganna. Greiðslurnar fyrir árin 2024 – 2027 verða 7% af innkomu Evrópukeppnanna í stað 4% áður sem áætlað er að verði hækkun á greiðslum um 125 milljónir evra eða 19 milljarða króna.


Þessi ákvörðun mun þýða verulega hækkun á greiðslum til félaga í Bestu deild karla en á síðasta ári námu greiðslurnar EUR 1.035.00 eða 156 milljónum króna sem skiptust á milli félaganna en sú upphæð mun að öllum líkindum hækka í a.m.k. EUR 2.100.000 eða í 318 milljónir króna sem skiptast á milli félaganna. Greiðslan mun því meira en tvöfaldast frá því sem áður var.

Í samþykkt UEFA kemur fram að heimilt sé að greiða hluta af þessari fjárhæð til þeirra félaga sem leika í næst efstu deild, þ.e. Lengjudeild, en það er háð samþykki félaga í efstu deild. Fjármuninum er ætlað að styðja við þróun afreksstarfs félaganna og þurfa félögin að uppfylla ákveðin, tiltölulega ströng, skilyrði varðandi afreksþjálfun yngri leikmanna til þess að fá fjármunina. Auk þess þarf að uppfylla skilyrði varðandi stjórnarhætti og skipulag. Nánari útlistun mun koma fljótlega.



European Leagues hefur gætt hagsmuna minni deildanna í Evrópu við hækkun á greiðslum frá UEFA

## League competition benchmarks of selected results (2023/24)




## Flest mörk skoruð í Bestu deildinni af deildum í Evrópu!


UEFA birti nýlega skýrslu með ýmsum upplýsingum úr deildarkeppninni í Evrópu 2023/2024, og þar er miðað við deildarkeppnina hjá okkur hér á Íslandi á síðasta tímabili, árið 2023. Í skýrslunni er mjög mikið af áhugaverðum upplýsingum, mest úr efstu deildum karla en einnig er gerður samanburður á efstu deildum kvenna varðandi tiltekna þætti.

Í skýrslunni má m.a. finna þá skemmtilegu staðreynd að á síðasta tímabili voru flest mörk að jafnaði skoruð í hverjum leik í Bestu deild karla af öllum deildum Evrópu, eða 3,46 mörk! Næst kemur Gíbraltar og því næst koma tvær skemmtilegustu deildir Evrópu að margra mati, þ.e. England og Þýskaland. Þar má t.d. líka finna upplýsingar um fjölda liða í efstu deildum kvenna og þróunina þar. Við erum með 10 liða deild líkt og Noregur en Danmörk er með 8 lið, stórbjóðirnar England, Þýskaland, Ítalía og Frakkland eru með 12 liða deildir.

Þessar upplýsingar og fjölmargar aðrar skemmtilegar má finna í skýrslunni hér [UEFA-skýrsla-deildarkeppnir-2024.pdf](#) ([toppfotbolti.is](#)) en skýrslan er birt í heild sinni á heimasíðu ÍTF.



Fjöldi liða í efstu deildum kvenna



## Ahorf á BD kvenna – miðvikudagar bestir – föstudagar verstir

Líkt og í Bestu deild karla þá skipta tímasetningar á leikjum í Bestu deild kvenna töluverðu máli varðandi aðsókn sé litið til samantektar á leiktímum og meðaláhorfendafjölda á hverri tímasetningu.

Nokkrir leikir hafa verið teknir út úr þessari samantekt, þ.e. leikirnir úr fyrstu umferðinni þar sem 4 leikir fóru fram á mánudegi eftir kl 17:00 og voru einu leikirnir sem leiknir voru á mánudegi og svo leikirnir úr síðustu umferðinni sem allir fóru fram á sama tíma á sunnudegi kl 14:00.

Þegar búið er að taka þessa leiki út úr samantekt þá er ljóst að miðvikudagar og fimmtudagar eftir kl 18:00 virðast henta best fyrir áhorfendur og þar á eftir þriðjudagar eftir kl 18:00. Á öllum þessum dögum er meðaláhorfið yfir meðaláhorfi sumarsins í deildinni sem var 209 áhorfendur.

37 leikir af 90 í hefðbundinni deildarkeppni fara fram á þessum tíma eða um 41% leikjanna en alltof margir leikir fara fram á þeim tíma sem kemur út sem sá verst í þessum samanburði, þ.e. á föstudögum eftir kl 18:00 og á laugardögum fyrir kl 16:00. 26 leikir fara fram á þeim tíma eða um 29% leikjanna.

Föstudagarnir eftir kl 18:00 eru arfaslakir hvað varðar aðsókn þar sem aðeins 151 áhorfendur að meðaltali mættu á leiki sem voru á þessum tíma en aðrir leiktímar eru miklu jafnari hvað varðar aðsókn, t.d. munar aðeins 39 áhorfendur að meðaltali á leik á bestu tímasetningunni, miðvikudögum eftir kl 18:00 og á sunnudögum á milli kl 13:00 og 16:00 sem er þriðja versta tímasetningin.

Flestir leikir fara fram á þriðjudögum eftir kl 18:00 eða 14 af 90 og sú tímasetningin er nokkuð á pari við miðvikudaga og fimmtudaga.

Eins og í Bestu deild karla þá eru helgarleikir strax eftir hádegi ekki líklegir til þess að draga að marga áhorfendur og það er þá atriði sem þarf að skoða betur fyrir næsta keppnistímabil. Fleiri þættir auðvitað hafa áhrif á aðsókn á deildirnar en slík samantekt gefur hins vegar sterka vísbendingu um að tímasetning leikjanna hefur veruleg áhrif og er það í samræmi við niðurstöður sem fengust úr könnun Gallup á síðasta ári.

Áhorfendum á Bestu deild kvenna fjölgaði á tímabilinu í deildarkeppninni um 4% frá því sumarið 2023, fór úr 18.021 áhorfenda árið 2023 í 18.814 áhorfendur á yfirstandandi tímabili en eftir er að leika mótið til enda í úrslitakeppni efri hluta deildarinnar. Áhorfendur voru því að meðaltali 209 á hvern leik af þeim 90 sem leiknir eru í deildarkeppninni.

Veruleg fækkun frá því í fyrra var allt frá og með 6.umferð til og með 14.umferð, þ.e. á tímabilinu frá því byrjun júní til loka júlí og það er nákvæmlega sama mynstur og í Bestu deild karla. Mikil aukning var í 15.umferðinni, síðustu umferð fyrir Verslunarmannahelgi, og munar þar að sjálfsögðu um toppslag deildarinnar þegar Valur tók á móti Breiðablik en 821 áhorfandi sótti þann leik. Síðustu tvær umferðirnar voru jafnframt mun betur sóttar heldur en sömu umferðir í fyrrasumar.

Áhorfendafjöldi í efstu deild kvenna hefur aldrei verið meiri á einu tímabili en keppnistímabilið 2023 og vonandi mun mætingin á úrslitakeppnina verða með þeim hætti að það met verði slegið nú.

Úrslitakeppni neðri hluta deildarinnar er lokið og var áhorfendafjöldi á leikina sex nokkuð minni en árið á undan en 901 áhorfendur mættu á leikina nú en voru 1.230 í fyrrasumar.


Eins og fram kemur hér að ofan virðast tímasetningar leikjanna skipta umtalsverðu máli og þarf að huga vel að þeim þætti fyrir komandi tímabil. Það má auk þess hafa í huga að allir leikir í Bestu deild kvenna eru sýndir í beinni útsendingu í sjónvarpi og er það nánast einsdæmi með efstu deild kvenna í Evrópu. Afar fáar deildir sýna alla leiki í beinni útsendingu og vafalaust hefur það áhrif á mætingu á leikina.

Best sótti leikurinn í deildarkeppninni var leikur Þróttar og Breiðabliks í 17.umferðinni en 867 áhorfendur mættu á þann leik.



Besta aðsóknin var á Würth völlinn hjá Fylki í BD kvenna





## Nánast einsdæmi að neðstu deildir hafi áhrif á ársþingum

European Leagues og World Leagues hafa tekið saman ýmsar upplýsingar um fótboltann um víða veröld og m.a. eru teknar saman upplýsingar um stjórnskipan fótboltans í hverju landi, þ.e. áhrif félaganna, skipun í stjórnir bæði knattspyrnusambanda og deildasamtaka og ýmislegt fleira.

Eitt af því sem borið er saman er hvaða aðilar, hvaða félög, hafa aðild að ársþingum knattspyrnusambanda og hafa þar áhrif til þess að móta stefnu fótboltans í hverju landi fyrir sig til lengri tíma. Hér hjá okkur er það þannig að öll félög sem uppfylla skilyrði um þátttöku og eru skráð hjá ÍSÍ eru með aðild að ársþingi og gildir þá einu hvort félögin eru í efstu deild eða neðstu, 6.deild. Atkvæðavægi er þó misjafnt.

Það er nánast einsdæmi að stjórnskipulag sé með þeim hætti sem hér tíðkast, þ.e. að öll félög sem sum hver hafa lítið sem ekkert innra starf eða jafnvel ekkert yngri flokka starf, geti haft áhrif á mótun stefnu fótboltans til lengri tíma og geti t.d. kosið um málefni sem munu aldrei koma þeim við, s.s. mótafyrirkomulag efstu deilda karla og kvenna, mótafyrirkomulag yngri flokka og ýmislegt fleira.

Í Evrópu eru það aðeins Danmörk, Kasakstan, N-Írland og Skotland sem hafa sama hátt á og við hér, þ.e. að félög úr öllum deildum eigi fulltrúa á ársþingi. Reyndar er það svo að í Danmörku þá kjósa neðri deildir félög ekki um málefni efri deildar félaga. Í 14 löndum eru það aðeins efstu deildarfélagin sem eiga fulltrúa á ársþingi, þ.á.m. í Finnlandi, á Möltu, Slóvakíu og Lettlandi. Í 12 löndum eru aðeins fulltrúar tveggja efstu deildanna, þ.á.m. í Noregi, Svíþjóð og á Írlandi.

Almenn sátt ríkir um það fyrirkomulag sem hér er viðhaft að undanskildu því að iðulega koma upp mál sem snerta aðeins t.d. efstu deildir karla og kvenna og neðstu deildir hafa veruleg áhrif á útkomuna.

Beint atkvæðavægi deildanna í stjórnnum sambandanna er jafnframt skoðað og er það afar misjafnt á milli landa. Á Íslandi eiga deildasamtökin, ÍTF, 1 fulltrúa inni í stjórn KSÍ og hafa því 10% atkvæða inni í stjórninni. Í Svíþjóð, Danmörku og Skotlandi er hlutfallið um 30%, en í nokkrum löndum eiga deildasamtökin ekki beina aðild.

VAR er komið í nánast allar deildir en Ísland er í hópi Írlands, Svíþjóðar, Finnlands, N-Írlands og Möltu þar sem VAR er almennt ekki notað við dómgæslu. Færeyjar eru ekki inni í þessum samanburði en VAR er ekki notað þar heldur. Í flestum þessara landa er þó VAR til skoðunar utan þess að félögin hafa einfaldlega hafnað notkun þess í Svíþjóð. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er umtalsverð andstaða við notkun VAR í Noregi ef félögin eru þó sammála um að þróa notkun þess áfram í deildinni þar.

Misjafnt er hvernig kostnaði vegna dómgæslu er háttáð, þ.e. hvernig greitt er fyrir dómgæslu og kostnað í kringum dómara, s.s. ferðakostnað og slíkt. Ísland er í hópi með Slóvakíu, Albaníu, Hollands og Möltu þar sem knattspyrnusamböndin bera kostnað af dómgæslunni. Hér taka þó félögin þátt í kostnaði vegna dómgæslu, þ.e. vegna ferðakostnaðar og upphalds að einhverju leyti og því er kostnaðurinn ekki alfarið á herðum sambandsins. Í Svíþjóð er dómarakostnaði skipt á milli félaganna og sambandsins, í Danmörku bera félögin allan kostnaðinn og í Noregi bera deildasamtökin kostnaðinn en rétt að hafa í huga að þau samtök eru með langstærsta sjónvarpssamninginn á Norðurlöndunum.

Í öllum tilfellum sem borin eru saman eru deildarsamtökin og knattspyrnusamböndin með samning sín á milli hvað varðar ýmsa verka – og kostnaðarskiptingu sem og tekjuskiptingu.



VAR sér ekki allt. Dómaranefnd UEFA komst að því augljósa í þessu tilviki nokkrum mánuðum seinna